

Fundargerð

Starfsnefnd Samtaka orkusveitarfélaga

Dags: 21.02.2023 kl. 9:00-10:00

Fundinn sátu : Haraldur Þór Jónsson, Jónína Brynjólfsdóttir, Guðmundur Haukur Jakobsson, Ísleifur Jónasson, Helgi Gíslason, Jón G. Valgeirsson og Jóhannes Á Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

1.Hlutverk nefndarinnar

Á stjórnarfundum samtaka orkusveitarfélaga þann 17. febrúar sl. var skipuð starfsnefnd sem mun gegna eftirfarandi hlutverki er fram kemur í fundargerð:

„Hlutverk nefndarinnar er að vinna tillögur að breytingum hvað varðar tekjur sveitarfélaga af orkuframleiðslu, leggja fram drög að nýju lagaumhverfi um orkuvinnslu á Íslandi og koma á virku samtali allra hagaðila í samráði við stjórn samtaka orkusveitarfélaga.“

Á fyrsta fundi starfsnefndarinnar var farið yfir stöðuna í orkumálum. Fundarmenn kynntu sín sjónarmið og hugmyndir. Samhljómur var meðal fundarmanna að nærsamfélagið skulu njóta góðs af orkuframleiðslu. Breyta þurfi lagaumhverfi. Mikilvægt er að skilgreina nærsamfélagið.

2.Verkefni næstu daga og vikur

Lagt var fram til kynningar drög að tímaáætlun:

Vika 9 - Bakland, vinnustofa

Vika 10 - Mótun á tillögum úr vinnustofu

Vika 11 - Drög að tillögum

Vika 12 - Tillögur lagðar fram fyrir bakland

Vika 13 - Tillögur kynntar ráðherra

Vika 14 - Opinn fundur með kynningu

Fundi slitið 10:00.

Næsti fundur ákveðinn 28.febrúar kl. 9:00